

271. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 29. mars
2010 kl. 07:30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Guðfinna
Guðmundsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Ómar Stefánsson, Guðmundur G.
Gunnarsson, Páll Hilmarsson, Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri,
Bjarni G.P. Hjarðar yfirverkfræðingur.
Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Endurskoðunarskýrsla v/ársreikningur fyrir árið 2009

Framkvæmdastjóri kynnti endurskoðunarskýrslu frá GrantThornton fyrir árið 2009.
Tillaga að reglum um stofnkostnað endurvinnslustöðva:

„SORPA bs. hefur umsjón með og tekur lán fyrir nýframkvæmdum á endurvinnslustöðvunum til 10 ára. SORPA bs. sér um greiðslur af lánum, en endurkrefur sveitarfélögin um á sama hátt og gert er að með skiptingu kostnaðar vegna reksturs endurvinnslustöðvanna. Endurgreiðslur sveitarfélaganna eru skráðar sem innborgað stofnfé vegna endurvinnslustöðvanna. Eignir sveitarfélaganna í endurvinnslustöðvunum eru þannig geymdar í reikningum SORPU bs. og afskrifast ekki svo sem verið hefur frá upphafi. Þóknun SORPU bs. vegna slíkra framkvæmda er sú sama og gildir á hverjum tíma vegna reksturs endurvinnslustöðvanna.“

Tillaga samþykkt samhljóða.

2. Gjaldtaka á endurvinnslustöðvunum

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað. Tillaga að endurskoðun á gjaldtöku á endurvinnslustöðvunum:

„Stjórn SORPU bs. samþykkir að fresta gjaldtöku á garðaúrgangi á þessu ári. Stjórn leiti leiða til lækkunar kostnaðar við rekstur endurvinnslustöðvanna enda hefur rekstraráætlun 2010 verið samþykkt og kynnt eigendum SORPU bs. Jafnframt verði íbúum höfuðborgarsvæðisins kynntar aðferðir til að draga úr umfangi garðaúrgangs.“

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Breyting á gjaldskrá í móttökustöð

Frestað.

4. Önnur mál

4.1. Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit byggingarkostnaðar endurvinnslustöðvar við Breiðhelli í Hafnarfirði.

4.2. Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugað útboð á nýrri rein á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

4.3. Formaður stjórnar ásamt framkvæmdastjóra hafa kynnt tillögur og hugmyndir SORPU bs. um flokkun heimilisúrgangs fyrir sveitarstjórnnum og umhverfisnefndum flestra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

4.4. Næstu fundir eru fyrirhugaðir 26.04 og 17.05.

Herdís Sigurjónsdóttir

Ómar Stefánsson

Guðmundur G. Gunnarsson

Guðmundur G. Gunnarsson

Þór Sigurgeirsson

Björn H. Halldórsson

Bjarni G.P. Hjarðar